



Formannafundur Aftureldingar 4. september 2017 Vallarhús við Varmárvöll kl. 18:00

Mættir voru:

Aðalstjórn: Dagný Kristinsdóttir formaður, Kjartan Reinholdsson, Geirarð Long, Kristrún Kristjánsdóttir og Birna Kristín Jónsdóttir.

Fulltrúar deila: Inga Lilja Lárusdóttir - handbolti, Sigurbjartur Sigurjónsson - mfl. kvenna knattspyrna, Árni Magnússon - mfl. kvenna knattspyrna, Þorvaldur Einarsson - mfl. kvenna handbolti, Guðfinna Ármannsdóttir - mfl. kvenna handbolti, Þórdís Sveinsdóttir - frjálssar, Hannes Sigurðsson - BUR handbolti, Ingvi Jón Gunnarsson - frjálssar, Gísli Jón Magnússon - körfubolti, Grétar Eggertsson - mfl. kvenna blak, Kristín Inga - 1.-6. deild kvenna blak, Jórunn Edda - BUR blak, Ása Dagný Gunnarsdóttir - BUR knattspyrna, Anna Hilda Guðbjörnsdóttir - BUR knattspyrna, Brynja Georgsdóttir - badminton, Smári Jóhannsson - sund, Gunna Stína Einarsdóttir - blak, Anna Olsen - karate, Haukur Skúlason - Taekwondo, Villy Vilhjálmsdóttir - fimleikar, Erla Edvardsdóttir - fimleikar.

Skrifstofa: Jón Júlíus Karlsson framkvæmdastjóri og Hanna Björk Halldórsdóttir íþróttafulltrúi.

Jón Júlíus Karlsson framkvæmdastjóri bauð fundargesti velkomna til fundarins.

1. Stundatafla Aftureldingar

Hanna Björk íþróttafulltrúi fór yfir stundatöflu Aftureldingar og hvernig vinnan við hana gekk. Flestir voru sammála um að vel hefði tekist til og að stundataflan hefði verið tilbúin fyrr en oft áður. Jón Júlíus hrósaði Hönnu sérstaklega fyrir vel unnin störf sem að því loknu fékk gott klapp frá fundargestum.

2. Störf íþróttafulltrúa og skrifstofu.

Jón og Hanna fóru yfir verkaskiptingu á skrifstofu. Með innkomu Hönnu í stöðu íþróttafulltrúa hefur þjónusta við deildir félagsins aukist og ut anumhald á Nóra færist inn til skrifstofunnar. Jón sagði að aukin skilvirkni væri komið í starf skrifstofunnar við þær breytingar sem gerðar voru fyrr í ár. Stefnan er að veita deildum félagsins meiri

aðstoð við að efla gæði þjálfunar í félaginu. Íþróttafulltrúi sinnir einnig miklu samskiptahlutverki í félaginu og veitir stjórnnum/þjálfurum félagsins ráðgjöf í hinum ýmsum málum. Jón mun sjá alfarið um fjármálahluta félagsins.

Einnig voru kynntar breytingar á símatíma skrifstofunnar sem nú er í samræmi við opnunartíma skrifstofunnar. Síminn á skrifstofunni verður opinn frá kl. 13:00 - 16:00. Ástæðan er ekki síst sú að gefa starfsmönnum tækifæri til að koma verkefnum í framkvæmd fyrri hluta dags sem ýtir undir skilvirkni í störfum skrifstofunnar og félagsins í heild sinni.

3. Mætingalistar í Nóra

Jón kynnti áherslur aðalstjórnar og skrifstofu varðandi mætingaskráningu þjálfara á iðkendum félagsins. Frá og með 1. október verður skylda hjá öllum þjálfurum í félaginu að skrá inn mætingu iðkenda og skila þeim inn rafrænt, eigi síður en vikulega. Þeir þjálfar sem ekki sinna þessu hlutverki við þjálfun eiga á hættu að fá ekki greidd laun. Fylgst verður með skráningum af skrifstofu. Markmiðið með þessum breytingum er að sjá betur nákvæman fjölda iðkenda í félaginu, sjá nýtingu á íþróttasölum, aukin þjónusta við forráðamenn og betri yfirsýn hjá öllum deildum félagsins. Umræða fór fram um þennan dagskrárlíð og deildir félagsins hvattar til að ná í þjálfaraappið. Þær deildir sem þurfa aðstoð geta leitað til skrifstofu.

4. Formannahandbók Aftureldingar

Hanna kynnti drög að formanna handbók félagsins sem fer yfir helstu hlutverk formanna í félaginu. Formannahandbókin er liður í því að skilgreina betur hlutverk sjálfboðaliða í félaginu og hjálpa formönnum félagsins til að þekkja hlutverk sitt. Hanna ræddi einnig um mikilvægi samskipta - að svara fyrirspurnum frá skrifstofu sem fyrst. Það hjálpi við að auka skilvirkni í félaginu og ýtir verkefnum fyrir í framkvæmd. Óskað var eftir ábendingum um formannahandbókina enda aðeins um drög að ræða.

5. Mótaskráningar

Hanna fór fyrir mótaskráningar hjá Aftureldingu og var óskað eftir því að fá betri svör frá deildum félagsins varðandi mótahald í vetur. Minnti á að mót og leikir þurfi að vera á opnunartíma íþróttahússins. Í kjölfarið fór fram umræða um opnunartíma íþróttahúss og samskipti við starfsfólk íþróttahúss.

6. Starfsdagur Aftureldingar

Dagný Kristinsdóttir, formaður Aftureldingar, kynnti Starfsdag Aftureldingar sem fram fer 27. september næstkomandi. Stefna félagsins er að hlúa vel að þjálfurum félagsins og bjóða þeim upp á aukna fræðslu og menntun sem skilar sér í betri þjálfun iðkenda Aftureldingar. Fjórir fyrirlesarar fræða þjálfara, stjórnarfolk og starfsfolk félagsins. Þeir eru; Guðjón Svansson, Hafrún Kristjánsdóttir, Pálmar Ragnarsson og Björg Jónsdóttir frá Erindi. Dagný benti á að það væru margir ungir og efnilegir þjálfarar í Aftureldingu og með viðburðum sem þessum væri hægt efla þekkingu þeirra og viðhorf til íþróttþjálfunar. Viðburðurinn er einnig gott tækifæri fyrir þjálfara félagsins til að koma saman og þjappa þeim saman sem einni heild. Skyldumæting er fyrir alla þjálfara félagsins og verða æfingar felldar niður hjá félaginu þennan dag. Boðið verður upp á kvöldverð fyrir fundargesti.

7. Önnur mál

Búningamál

Dagný formaður fór yfir samninginn við Errea sem rennur út haustið 2018. Aðalstjórn er að skoða hvað er í boði og hvernig önnur fjölgreinafélög hafa unnið þessi mál. Nokkrar deildir falla ekki undir núverandi samning við Errea vegna sérhæfðs æfinga- og keppnisfatnaðar. Kjartan Reinholdsson varaformaður benti á að mikilvægt væri að átta sig á því hvað fatnaði félagið þyrfti raunverulega á að halda sem ein heild áður en farið væri í samningaviðræður. Búninganefnd verður kölluð saman eftir umfjöllun aðalstjórnar, sem fer fram á næsta stjórnarfund.

Tilmæli frá starfsfólki íþróttahúss

Fram hefur komið ósk frá starfsfólki íþróttahúss að börn séu ekki eftirlitslaus að loknum æfingum hjá félaginu. Börn sem hafa lokið æfingu eiga að yfirgefa íþróttasali. Deildir beðnar um að ræða þetta við sína þjálfara.

Ítrekað kemur fyrir að ekið sé inn fyrir girðinguna og lagt við húsgaflinn sem snýr að íþróttahúsinu/Varmársundlaug. Oft getur skapast veruleg slyshætta þegar öikumenn eru að bakka frá húsinu enda er þetta gönguleið iðkenda félagsins inn í íþróttahúsið. Svæðið er ekki vel upplýst og hættuástand getur skapast í skammdegi. Óskað eftir því að deildir tali við sína þjálfara og að þeir leggi ekki inn fyrir girðinguna.

Frístundarútan

Gunna Stína benti á að óvissa væri uppi um frístundarútuna og nákvæmar tímasetningar á ferðum. Rætt um Krikaskóla í því samhengi. Lögð áhersla á að þetta séu á hreinu svo hægt sé að treysta á ferðir rúttunnar.

Aftureldingarbúðin

Gunna Stína fór yfir þær vörur sem eru í boði í Aftureldingarbúðinni sem er rekin af mfl. karla í blaki. Gunna Stína sýndi fundargestum ýmsar vörur s.s. stóra og litla fána, snyrtistöskur, buff, húfur, sundpoka o.fl. Allt er þetta merkt Aftureldingu og til sölu í búðinni sem er staðsett í anddyri íþróttahúss. Deildir hvattar til að beina viðskiptum sínum að búðinni enda afar hagstæð verð í boði. Gunna Stína fékk lofaklapp frá fundargestum fyrir gott starf í þágu félagsins með að halda úti þessari litlu en góðu verslun.

Fjáraflanir (Herra- og konukvöld)

Jón Júlíus kastaði fram þeirri hugmynd að sameina krafta meistaraflokksráða félagsins og blása til Herra- & Konukvöld í nafni félagsins alls. Þessir viðburðir eru stórir í mörgum félögum og getur orðið stór fjáröflun fyrir þessar deildir á fáeinum árum. Vel var tekið í þessa hugmynd og ætla meistaraflokksráð kvenna í blaki, fótbolta og handbolta og vinna saman að Konukvöldi og sömu ráð karlamegin að Herrakvöldi. Er þetta einnig góð leið til að stuðla að auknu samstarfi milli deildanna.

Frágangur á fimleikahúsi og öðrum rýmum

Inga Lilja spurði hvenær áætlað væri að ljúka við frágang á fimleikahúsinu og rýminu sem stendur við hlið bardagasala. Jón Júlíus svaraði til að ekki væri ljós tímasetning í þeim efnum. Unnið væri að sáttum milli Mosfellsbæjar og verktaka sem sáu um byggingu hússins á sínum tíma. Kallað verður eftir svörum frá Mosfellsbæ hvað þetta varðar.

Fundi slitið um kl. 19:40

Fundargerð ritaði Jón Júlíus Karlsson.